



Reglur um endurgreiðslur vegna aðgangs að sundstöðum

1. gr.

Markmið

Reglur þessar eru settar til að tryggja börnum, ungmennum og eldri íbúum í Flóahreppi jafnan aðgang að sundstöðum með það að markmiði að stuðla að heilsueflingu, félagslegri virkni og bættri líðan.

2. gr.

Réttur til endurgreiðslna

Undir reglurnar falla börn og ungmenni að 18 ára aldri og íbúar frá 67 ára.

Árlegar endurgreiðslur eru eftirfarandi við gildistöku:

Börn og ungmenni að 18 ára	10.000 kr
Íbúar frá 67 ára	10.000 kr

Sveitarstjórn skal endurskoða endurgreiðslur árlega í tengslum við fjárhagsáætlun komandi árs.

Endurgreiðsla getur náð til árskorta, klippikorta eða fyrir stök skipti en eru aldrei umfram ofangreindar upphæðir á hverju almanaksári.

Kostnaður við skipulagðar æfingar eða kennslu fellur ekki undir reglur þessar.

3. gr.

Skilyrði endurgreiðslna

Eftirfarandi eru skilyrði fyrir endurgreiðslu:

- Viðkomandi skal hafa skráð lögheimili í Flóahreppi
- Skila þarf kvittun/kvittunum með dagsetningu og fjárhæð
- Endurgreiðsla er aðeins veitt fyrir kostnað sem fallið hefur til á umsóknarárinu
- Endurgreiðsla fer ekki yfir ofangreindar upphæðir á einstakling á ári
- Ekki er endurgreitt fyrir ferðakostnað, kaup á sundfötum eða önnur vörukaup á sundstöðum

4. gr.

Umsóknarferli

- Umsókn er lögð fram rafrænt á heimasíðu Flóahrepps eða á þar til gerðu eyðublaði á skrifstofu Flóahrepps
- Með umsókn þurfa að fylgja kvittanir sem sýna dagsetningu og fjárhæðir
- Umsóknarfrestur er til 20. desember ár hvert
- Endurgreiðsla fer fram innan 20 virkra daga frá samþykktum gögnum

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi með samþykkt sveitarstjórnar og gilda þar til nýjar reglur hafa verið samþykktar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 7. apríl 2026

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri